


Reykjavík, 7. desember 2023

Varðar: Bergstaðastræti 10A – erindi frá byggingarfulltrúa


Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. desember 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta skrifstofu í 3-herbergja íbúð á 3. hæð í húsi á lóð nr. 10A við Bergstaðastræti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti deiliskipulags, samþykkt 3. júní 2003



Tillaga að íbúð á 3. hæð

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Bergstaðastræti 10A borgarhluta 2 Miðborg er á skilgreindum íbúðarsvæði ÍB10 Þingholt.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 3. júní 2003 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 10A við Bergstaðastræti er íbúðar-og atvinnuhúsnæði á viðskipta-og þjónustulóð, byggt árið 1963 skv. fasteignaskrá. Upprunalega var gert ráð fyrir atvinnustarfsemi í öllu húsinu en þegar hefur verið samþykkt íbúð á 2. hæð hússins. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á breyta skrifstofuhúsnæði á 3. hæð hússins í íbúð, samkvæmt uppdráttum. Get er ráð fyrir að atvinnurými á jarðhæð verði óbreytt.

Skv. aðalskipulagi er lóðin staðsett á íbúðarsvæði og deiliskipulagið setur ekki fram kröfur um atvinnurými á efri hæð hússins. Við breytinguna verður atvinnurýmið á jarðhæð óbreytt en íbúðir á efri hæðum, sem samræmist markmiðum aðalskipulags um starfsemi jarðhæða. Því er það ekki andstætt skipulagi að breyta skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í íbúð.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri